

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 60/95**frá 16. janúar 1995****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1891/94 ⁽²⁾, einkum 74. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í lið 2.2.3.3.2 í 25. kafla í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 frá 17. september 1990 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2645/92 ⁽⁴⁾, er lýst aðferð við greiningu á magni brennisteinsdíoxíðs í þrúgusafa er hefur í för með sér að auðveldara er að fjarlægja efnið en með þeirri aðferð sem var notuð áður samkvæmt lið 13.4 í 13. kafla. Af þessu leiðir að meira magn af brennisteinsdíoxíði finnst við greiningu á þrúgusafa og gæti það magn farið yfir leyft hámarks-magn. Í ljósi þess að nú fara fram vísindalegar rannsóknir og hugsanlegt er að leyft hámarksmagn verði tekið til endurskoðunar og til að koma í veg fyrir erfiðleika við ráðstöfun þrúgusafa ætti að framlengja um eitt ár aðlögunartímabilið

þegar heimilt er að greina magn brennisteinsdíoxíðs með eldri aðferðinni. Æskilegt væri að forðast að hlé verði gert á beitingu nákvæmra reglna um þessa greiningaraðferð.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í annarri málsgrein liðar 2.2.3.3.2 í 25. kafla í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2676/90 komi dagsetningin „31. desember 1995“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1994“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1995.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 16. janúar 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 42.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 272, 3. 10. 1990, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 266, 12. 9. 1992, bls. 10.